

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 7. febrúar 2019.**

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluáðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:40 Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### **Vinnulag við yfirferð umsókna**

Það vinnulag sem var viðhaft við síðustu úthlutun gafst vel og er því stjórn sammála um að hafa sama vinnulag nú.

Stjórn tók stutta umræðu um flutning umsókna milli nefndarmanna vegna tengsla við skóla eða þeirra sem standa að umsóknum. Stjórn hefur haft það sem viðmið að stjórnarmenn sitji hjá þegar einhver tengsl eru

### **Fyrsta lota í yfirferð umsókna**

Umsóknir til Sprotasjóðs voru 100 talsins að þessu sinni. Umsóknirnar skiptust þannig milli skólastiga að um 60 umsóknir komu frá grunnskólastiginu, 20 umsóknir frá leikskólastiginu og 10 umsóknir frá framhaldskólastiginu. 18 umsóknir eru milli skólastiga. Þetta eru fleiri umsóknir nú en í fyrra.

Í ár var ákveðið að Sprotasjóður myndi færa umsóknartímabilið frammar og var opnað fyrir umsóknir í byrjun desember 2018 í stað þess að opna fyrir umsóknir í janúar eins og verið hefur. Vangaveltur voru um það hjá stjórn hvort að þessi framlenging á umsóknartímanum hafi verið að nýtast skólunum í raun.

Stjórnarmenn velta fyrir sér hvernig skipulagi sé háttað milli og innan sveitarfélaga varðandi það að hvetja skóla til að sækja um í þá sjóði sem eru í boði. Eitthvað sem stjórn Sprotasjóðs vill skoða enn frekar og reyna að koma á betri samvinnu milli og innan sveitarfélaga um að sækja í sjóðinn. Hugsanlega vantar meiri stuðning við skólanna varðandi umsóknarferlið.

Mikilvægt að það sé skýrara hvað Sprotasjóður styrkir og hvað ekki og hverjar áherslu sjóðsins eru. Svo virðist sem að of margir umsækjendur séu að sækja um ýmislegt sem að sjóðurinn styrkir ekki eins og námsefnisgerð sem dæmi.

Stjórn hófst handa við yfirferð umsókna og var byrjað að fara yfir þær umsóknir sem stjórnarmenn töldu ekki standast viðmið Sprotasjóðs.

### **Skipulag vegna yfirferðar og næstu fundir**

Farið var yfir skipulag við yfirferð umsókna og næstu fundi stjórnar. Gert er ráð fyrir fimm fundum stjórnar við yfirferð umsókna:

Fimmtudag 14. feb. frá kl.13:00 – 16:00

Föstudag 15. feb. frá kl. 9:30 – 14:00

Mánudag 18. feb. frá kl. 9:30 – 13:00  
Miðvikudag 27. feb. frá kl. 13:00-16:00  
Föstudag 1. mars frá kl. 9:00-14:00

**Fundi slitið kl. 13:45**